

Fundargerð 66. fundar

stjórnar Samtaka orkusveitarfélaga

Árið 2023, þriðjudaginn 5. september kl. 08:00 kom stjórn Samtaka orkusveitarfélaga saman til fundar og fór hann fram í gegnum fjarfundarbúnað.

Fundinn sátu: Ása Valdís Árnadóttir, Árni Eiríksson, Guðný Birna Guðmundsdóttir, Jónína Brynjólfsdóttir, Knútur Emil Jónasson, Einar Kristján Jónsson og Grétar Ingi Erlendsson

Að auki sat fundinn Jóhannes Ágúst Jóhannesson sem ritaði fundargerð.

Fundargerðin var færð í tölvu.

Þetta var tekið fyrir:

- 1. Umsögn Samtaka orkusveitarfélaga vegna starfshóps um skattlagningu orkuvinnslu - 2202003SO**

Lögð var fram umsögn Samtaka orkusveitarfélaga vegna starfshóps um skattlagningu orkuvinnslu til samþykktar.

Stjórn samþykkir umsögnina.
- 2. Fundargerðir starfsnefndar - 2202003SO**

Lagðar fram til kynningar tvær fundargerðir starfsnefndar um breytingar á tekjum og lagaumhverfi vegna orkuvinnslu, dagsettar 22.08.2023 og 25.08.2023.
- 3. Kynning HÍ - 2202003SO**

Stjórn SO var boðuð á fund starfsnefndar í gegn um Teams. Þorsteinn Stefánsson nemandi í Háskóla Íslands kynnti ásamt Daða Má Kristjánssyni prófessor drög að líkani (formúlu) sem hægt væri að styðjast við vegna útreikninga á skiptingu tekna vegna orkuvinnslu.

Í kjölfarið hófust umræður og fyrirspurnir.

Gert er ráð fyrir að lokaniðurstaða þessara vinnu munu liggja fyrir á næstu dögum.
- 4. Aukaaðalfundur - 2011004SO**

Formaður lagði til að haldinn yrði aukaaðalfundur samtakanna 19. september nk.

Mikilvægt er að kynna fyrir aðildarsveitarfélögum þær leiðir sem ræddar hafa verið í starfsnefndinni varðandi mögulegar tekjur sveitarfélaga af

orkuframleiðslu. Nauðsynlegt að aðalfundurinn taki afstöðu til þeirra leiða sem lagðar verða fram.

Stjórn samþykkir að halda aukaáðalfund Samtaka orkusveitarfélaga 19. september kl. 13:00 á Teams.

Fundi var slitið kl. 09:00